

Svar

matvælaráðherra við fyrirspurn frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur um nefndir á vegum ráðuneytisins og kostnað vegna þeirra.

1. *Hverjar eru lögbundnar nefndir á vegum ráðuneytisins og hver hefur árlegur kostnaður við hverja þeirra verið frá 2021?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá þær lögbundnu nefndir sem eru starfandi á vegum ráðuneytisins í dag ásamt yfirliti yfir kostnað vegna þeirra. Matvælaráðuneytið varð til 1. febrúar 2022 og því tekur svarið mið af þeirri dagsetningu.

Nefnd	2022	2023
Matsnefnd um lax- og silungsveiði 2021–2025	-	-
Stjórn Bjargráðasjóðs		
Stjórn Fiskeldissjóðs	1.839.839	1.230.610
Stjórn Matvælasjóðs	103.918	1.491.630
Stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.	852.500	2.249.500
Stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins	-	-
Stjórn stofnverndarsjóðs	-	-
Framkvæmdanefnd búvörusamninga 2017–2026	-	-
Áhættumatsnefnd á sviði matvæla, fódurs, áburðar og sáðvöru	5.812.010	
Úttektarmenn samkvæmt ábúðarlögum 2021–2025	-	-
Samstarfsráð Matvælastofnunar	-	-
Verðlagsnefnd búvara 2022–2024	-	1.265.200
Samráðsnefnd um fiskeldi	-	-
Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna 2019–2023	1.950.000	1.225.000
Fagráð um velferð dýra 2021–2024	-	584.010
Fisksjúkdómanefnd 2021–2026	-	-
Ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna 2020–2024		501.372
Erfðanefnd landbúnaðarins 2023–2026	-	-
Yfirskiptanefnd	-	-
Yfirítölunefnd	-	-
Markanefnd 2021–2029	-	-
Yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum 2021–2025	-	-

2. Hvaða aðra starfshópa og nefndir hefur ráðherra sett á laggirnar og hver hefur árlegur kostnaður við hverja þeirra verið frá 2021?

2022:

Starfshópur	Kostnaður
Spretthópur um alvarlega stöðu í matvælaframleiðslu	Ekki var greitt fyrir setu í starfshópnum
Starfshópur um tryggingavernd bænda	Ekki var greitt fyrir setu í starfshópnum
Auðlindin okkar – Samráðsnefnd	1.580.700
Auðlindin okkar – Samfélag	8.381.870
Auðlindin okkar – Aðgengi	8.682.430
Auðlindin okkar – Umgengni	5.258.072
Auðlindin okkar – Tækifæri	8.761.821
Starfshópur til að kanna stöðu hnúðlax	Ekki var greitt fyrir setu í starfshópnum
Samráðsvettvangur um loftslagsaðgerðir í landbúnaði og landnotkun	Ekki er greitt fyrir setu í starfshópnum
Starfshópur um stök eldislaxa	Ekki var greitt fyrir setu í starfshópnum

2023:

Starfshópur	Kostnaður
Starfshópur um leiðir til að fækka frávikum við veiðar á langreyðum	Ekki var greitt fyrir setu í starfshópnum
Stýrihópur um verndun hafsvæða innan íslenskrar lögsögu	Ekki var greitt fyrir setu í starfshópnum
Sérfræðingahópur um riðuveiki	Ekki er greitt fyrir setu í starfshópnum
Starfshópur um endurskoðun aflareglu ýsu	Ekki er greitt fyrir setu í starfshópnum

2024:

Starfshópur	Kostnaður
Starfshópur um lagaumgjörð hvalveiða	Enn hefur ekki fallið til kostnaður vegna starfshópsins
Starfshópur um innviðaleið – frumvarp til laga um sjávarútveg	Ekki er greitt fyrir setu í starfshópnum

3. Hefur ráðherra skoðað að leggja niður nefndir? Ef svo er, hvaða nefndir?

Ráðuneytið leggur áherslu á skilvirka stjórnsýslu á málefnasviði ráðuneytisins og aukið gagnsæi við meðferð mála. Í þeim efnum er m.a. hugað að tækifærum sem felast í að fækka nefndum, einfalda utanumhald með bæði nefndum og sjóðum en ekki síst að skýra betur hlutverk þeirra, eftir því sem við á.